

182. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. ágúst 2020, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Eyjólfur Bjarnason, Róbert Arnar Stefánsson og Karl Kristjánsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 11:00.

Fundargerð 181. fundar

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Erindi frá Vesturbyggð: óskað eftir umsögn um skipulagstillögur vegna breytingar á aðalskipulagi Vesturbyggðar vegna skilgreiningar á núverandi fiskeldi við Seftjörn, lóð 1, og deiliskipulagstillögu sama efnis.

Afgreiðsla:

Í kafla 3, *Tengsl við aðrar áætlanir*, mætti minnast á Verndaráætlun Breiðafjarðar sem finna má á www.breidafjordur.is.

Framtíð Breiðafjarðar: næstu skef.

Afgreiðsla:

Samþykkt að fresta opnum íbúafundum um óákveðinn tíma vegna samkomutakmarkana. Óskað verði eftir því við framsögumenn að þeir taki erindin sín upp svo hægt sé að nálgast þau á heimasíðu nefndarinnar. Setja inn greinargóðar upplýsingar um vinnu nefndarinnar varðandi Framtíð Breiðafjarðar á heimasíðu nefndarinnar, m.a. spurt og svarað dálk.

Samþykkt að óska eftir því við sveitarstjórnir við fjórðinn að halda til streitu samráðsfundum með þeim en þeir fari fram í gegnum fjarfundabúnað. Á þeim fundum verði óskað eftir afstöðu sveitarstjórnafulltrúa til þess hvernig best sé að standa að íbúasamráði í þeim sveitarfélögum sem eftir eru, Dalabyggð, Reykhólahrepp og Vesturbyggð.

Á samráðsfundum með sveitarstjórnafulltrúum verði vinna nefndarinnar kynnt og óskað eftir umræðum, hugmyndum og afstöðu fulltrúa á fundinum. Sveitastjórnir fá niðurstöður nefndarinnar til formlegrar umfjöllunar í október/nóvember. Stefnt að því að skila niðurstöðum til ráðherra fyrir áramót.

Fundi slitið kl. 11:40